

Sp.

483. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1970.

I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins hinn 12. jan. 1971 voru innkomnar tekjur vegasjóðs hinn 31. des. 1970, eins og hér segir:

	Áætlun m.kr.	Rauntölur m.kr.	Halli m.kr.
1.1. Benzíngjald:			
Brúttótekjur	418.8	396.7	
Endurgreiðslur	13.6	14.2	
	— 405.2	— 382.5	22.7
1.2. Þungaskattur:			
Brúttótekjur	138.8	107.2	
Endurgreiðslur	8.0	7.0	
	— 130.8	— 100.2	30.6
1.3. Gúmmígjald	47.6	43.4	4.2
	Alls	583.6	526.1 57.5

1.1. Tekjur af benzíngjaldi.

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 var brúttósala á benzíni á tekjuárinu 1970, þ. e. nóv. 1969—okt. 1970, áætluð 73.7 millj. lítra eða 2.4 millj. lítra meiri en á tekjuárinu 1969. Raunveruleg sala samkvæmt söluskýrslum olíufélaganna hefur hins vegar reynzt 69.7 millj. lítra eða 4% minni en áætlað var. Endurgreiðslur á benzínskatti urðu 14.2 m.kr., og er það 0.6 m.kr. hærri upphæð en áætlað var. Af þessum sökum urðu brúttótekjur um 22.7 m.kr. undir áætlun.

Brúttósala á benzíni undanfarin 5 tekjuár hefur orðið, eins og hér segir:

1966	68.3 millj. lítra
1967	72.2 — —
1968	71.5 — —
1969	69.3 — —
1970	69.7 — —

Að raunveruleg aukning á brúttósölu á benzíni hefur aðeins orðið um 0.6% á árinu, þrátt fyrir verulegan innflutning bifreiða, má m. a. rekja til þess, að mikill hluti hinna nýju bifreiða kom fyrst í notkun á síðari hluta ársins, svo og þess, að vegna verkfallsins í júnímánuði varð benzínsala í þeim eina mánuði 1.2 millj. lítrum minni en í júnímánuði árið á undan. Þá hefur það án efa mikil áhrif á hlutfallslega minnkandi benzínsölu miðað við fjölgun bifreiða, að nýjar fólksbifreiðar, sem fluttar eru inn nú, eru yfirleitt minni og því sparneytnari en mikið af þeim stóru og eyðslufreku fólksbifreiðum, sem fluttar voru inn á fyrsta áratugnum eftir heimsstyrjöldina og nú er verið að afskrá árlega.

1.2. Tekjur af þungaskatti.

Með heimild í b-lið 4. gr. laga nr. 67/1968 um breytingu á vegalögum nr. 71/1963 var hinn 30. apríl gefin út reglugerð nr. 74/1970 um innheimtu þungaskatts samkvæmt öikumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar

nýju innheimtuaðferðar voru sett með reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 74/1970 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl., en ákvæði um upphæð gjaldsins voru birt með auglýsingu nr. 100/1970 hinn 11. júní.

Sökum þess að verulegar tafir urðu á ísetningu ökumæla í dísilbifreiðar af völdum verkfallsins í júnímánuði varð að fresta gildistöku reglugerðar nr. 74/1970 til 1. ágúst. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 94/1970 á þungaskattur samkvæmt kílómetragjaldi að greiðast ársfjórðungslega eftir á. en af þeim sökum kemur greiðsla fyrir síðasta ársfjórðung ekki til innheimtumanna ríkissjóðs fyrir en í lok janúar 1971.

Áætlaðar brúttótekjur af þungaskatti voru 138.8 m.kr., en endurgreiðslur 8.0 m.kr. Hinn 12. janúar þ. á. voru samkvæmt yfirliti ríkisbókhaldsins innheimtar tekjur hinn 31. desember 1970 af þungaskatti alls 107.2 m.kr., en endurgreiðslur um 7.0 m.kr. og nettótekjur því 100.2 m.kr. Er það 30.6 m.kr. lægri upphæð en gert er ráð fyrir í vegáætlun, eins og að framan greinir.

Áætlað var, að þungaskattur af dísilbifreiðum yfir 5 tonn að eigin þunga næmi alls um 60% af öllum innheimtum þungaskatti. Samkvæmt því má gera ráð fyrir, að enn sé óinnkomið af þungaskatti síðasta ársfjórðungs 1970 um 20 m.kr., svo framarlega sem hið ákveðna kílómetragjald samsvarar þeim þungaskatti, sem greiddur var samkvæmt eldra fyrirkomulaginu, en reynslan ein getur skorið úr um það atriði.

1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

Tekjur af gúmmígjaldi voru áætlaðar 47.6 m.kr., en urðu 43.4 m.kr. eða 4.3 m.kr. undir áætlun. Samkvæmt því hefur raunveruleg sala á hjólbörðum á árinu 1970, að meðtöldum hjólbörðum á innfluttum bifreiðum, numið alls um 1200 tonnum. Samsvarandi tölur fyrir undanfarin fimm ár eru eins og hér segir:

Árið 1966	1320 tonn
— 1967	1260 —
— 1968	917 —
— 1969	825 —
— 1970	1200 —

II. Skipting útgjalda.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.1. Launagreiðslur.

Launagreiðslur urðu 15.3 m.kr., en voru áætlaðar í vegáætlun 12.1 m.kr., sem stafar í fyrsta lagi af grunnkaupshækkun hjá ríkisstarfsmönnum á s. l. sumri, í öðru lagi af hækkun kaupgjaldsvisitölu og í þriðja lagi af nýjum kjarasamningum ríkisstarfsmanna, en 8% grunnkaupshækkun skv. þeim, sem reiknast aftur til 1. júlí 1970, var greidd að nokkru fyrir s. l. áramót samkv. áætlun fjármálaráðuneytisins, en endanlegri röðun í launaflokka er enn þá eigi lokið.

2.1.2. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. verkstjóra og ekkna þeirra urðu 1.8 m.kr., en voru áætlaðar í vegáætlun 1.3 m.kr. Eftirlaunin eru miðuð við 12. launaflokk ríkisstarfsmanna og hækka því í sama hlutfalli og laun þeirra. Einnig bættust við eftirlaun til tveggja ekkna verkstjóra, sem létust á árinu 1969, en höfðu ekki náð eftirlaunaaldri.

2.1.3. Skrifstofukostnaður.

Skrifstofukostnaður varð 5.8 m.kr. en var áætlaður í vegáætlun 5.0 m.kr., sem stafar af hækkun húsaleigu í Borgartúni 7 frá ársbyrjnu 1970 og almennum kaupgjaldshækkunum og hækkunum á vörum og þjónustu.

2.1.4. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum hefur verið öllu meiri en undanfarin ár, og kemur þar sérstaklega til undirbúningur að samgönguáætlun samkv. ákvörðun samgönguráðuneytisins. Hraða varð mjög undirbúningi hraðbrautaframkvæmda, eins og nánar er vikið að undir lið 2.3.1.

Greinargerðir um rannsóknir sérstakra verkefna samkvæmt þingsályktunartilögum er að finna undir lið 2.3.6.

2.1.5 Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 1.5 m.kr.

Umferðartalning var aukin að mun á árinu, og var það m. a. gert í framhaldi af viðræðum við starfsmenn Alþjóðabankans, en þeir voru hér á landi síðastliðið vor vegna lántöku til hraðbrautaframkvæmda. Í þessu tilefni voru keyptir 25 nýir teljarar og 7 fengnir að láni hjá Reykjavíkurborg. Umferðartalningarnar sýna, að nokkur aukning er á sumarumferð frá fyrra ári, og einna mest á Suðurlandi. Á Suðurlandsvegi við Rauðavatn var tæplega 10% aukning, en yfir 20% aukning við Selfoss.

Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum var 8.5% meiri en árið áður.

Á vegum í Borgarfirði var um 5—10% umferðaraukning miðað við árið áður, en á vegum í nágrenni Akureyrar var aukningin minni.

Haft var eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluþyriföld með sama hætti og síðastliðið ár. Sérstök áherzla var lögð á eftirlit með öxulþunga, meðan klaki var að fara úr vegum s. l. vor og þeir viðkvæmir fyrir skemmdum. Á þessum tíma voru allar bílavogir í notkun og því unnt að halda uppi eftirliti viðs vegar á landinu samtímis. Enginn vafi er á því, að mun betur er nú farið eftir gildandi reglum um öxulþunga ökutækja en áður var.

Kostnaður við umferðartalningu og eftirlit varð því nokkuð meiri en áætlað var eða sem nam 300 þús. kr.

2.1.6. Áhrif verðhækkana.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið 1970 voru miðaðar við verðlag og kaupgjald í febrúar 1969 (kaupgjaldsvísitala 11.35 stig). Breytingar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða hafa orðið, eins og hér segir:

	Febrúar 1969	Ágúst 1969	Ágúst 1970	Hækkun í % feb. '69-ág. '70
Vegaviðhald	791	812	902	14.0
Vegagerð	737	752	874	18.6
Brúargerð	1020	997	1226	20.2

Framangreind hækkun á vísitölu einstakra framkvæmdaliða stafar fyrst og fremst af hækkun á vinnulaunum og leigugjaldi véla og bifreiða. Einnig kemur til nokkur hækkun á efni og þá sérstaklega á stáli til brúargerðarframkvæmda.

Hækkun framkvæmdakostnaðar hefði þó orðið mun meiri en að ofan greinir, ef ekki væri stöðugt unnið að aukinni hagræðingu við framkvæmdir með því að

bæta vélakost og skipulag. T. d. má nefna, að ef slíkar ráðstafanir hefðu ekki komið til á árunum 1969 og 1970 hefði vísitala vegaviðhalds 1. ágúst 1970 orðið 954 stig, þ. e. 20.6% hærrí en í febrúar 1969. Vísitala vegagerðarkostnaðar hefði 1. ágúst 1970 á sama hátt orðið 900 stig, þ. e. 22.1% hærrí en í febrúar 1969.

Þegar haft er í huga, að 1% hækkun á viðhaldskostnaði þýðir 2 m.kr. aukin útgjöld, er ljóst, að fé sem varið er til aukinnar hagræðingar ber ríkulegan ávöxt.

2.2. VIÐHALDSKOSTNAÐUR ÞJÓÐVEGA

2.2.1. Viðhald þjóðvega.

Fjárveiting var 197.4 m.kr.

A. Vetrarviðhald.

Kostnaður við vetrarviðhald á tímabilinu janúar—júni varð 32.1 m.kr., enda voru snjóþyngsli meiri víða um land, og þá einkum á Suðurlandi, en á sama tímabili á árinu 1969, eins og sjá má á eftirfarandi yfirlitstöflu. Kostnaður á tímabilinu október—desember varð alls 12.0 m.kr. Var haustið mjög hagstætt hvað snjómokstur snertir á Suður- og Vesturlandi, en hins vegar var kostnaður við snjómokstur á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi mun meiri en á sama tímabili árið 1969. Heildarkostnaður við vetrarviðhald varð því 46.0 m.kr.

Kostnaður við vetrarviðhald á árinu 1970 hefur orðið um 6% meiri en árið 1968. Farið var algjörlega eftir snjómokstursreglunum, sem settar voru í desember 1967.

Til fróðleiks er í eftirfarandi yfirliti sýndur kostnaður við vetrarviðhald undanfarin fjögur ár, og kemur þar fram, að árið 1969 hefur verið hagstæðast þessara ára, hvað vetrarviðhald snertir.

Yfirlit um kostnað við vetrarviðhald 1967—1970.

Ár	Jan.—júni m.kr.	Okt.—des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Á verðl. 1970	Hlutfalls- tala
1967	17.8	10.2	28.0	571	44.2	102.1
1968	25.5	6.4	31.9	665	43.3	100.0
1969	18.3	13.4	31.7	812	35.2	81.3
1970	34.0	12.0	46.0	902	46.0	106.2

B. Tjón af völdum náttúruhamfara.

Í byrjun ársins urðu mikil flóð og skemmdir á vegum á Austurlandi á svæðinu frá Héraði og suður fyrir Lónsheiði. Einnig urðu skemmdir víða annars staðar á landinu. Kostnaður við viðgerðir á þessum skemmdum nam 2.3 m.kr.

Í nóvember og desember urðu miklar skemmdir á vegum á Suðurlandi og Vesturlandi vegna flóða. Mestar skemmdir urðu þó í Borgarfirði, en þar flæddi Norðurlá yfir veginn á stóru svæði. Einnig flæddu Héraðsvötn upp og ollu skemmdum á vegum í Vallanesi og Akrafur. Kostnaður við viðgerðir nam 2.7 m.kr.

Ekki tókst að ljúka öllum viðgerðum fyrir áramót og áætlaður kostnaður við að ljúka þeim er um 800 þús. kr.

C. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður á viðhaldi á auðum vegum, enda fer mest af því fram að sumarlagi, og nær hann yfir almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mólun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áherzla á, að sem minnst af þessu fé fari í vorviðgerðir, en sem mest til varanlegs sumar- og haustviðhalds. Einnig var reynt eftir mætti að hafa hemil á vorskemmdum með því að auka eftirlit með öxulþunga og takmarka hann, þar sem frost var að fara úr jörðu.

D. Hagræðing í vegaviðhaldi.

Í maí 1970 voru verkstjórar Vegagerðarinnar kvaddir til tveggja daga fundar í Reykhlið við Mývatn. Aðalefni fundarins var hagræðing í viðhaldi malarvega og möguleikar á betri nýtingu viðhaldsfjárins í ljósi reynslu Norðmanna og Svía í þessu efni, en Jón Birgir Jónsson, deildarverkfræðingur, kynnti sér þessi mál í Noregi og Svíþjóð haustið 1969. Á fundinum voru einnig skýrðir nýir samningar við Landssamband vörubifreiðastjóra, sem að nokkrum hluta eru byggðir á alveg nýjum grundvelli varðandi malarakstur og eru nokkru hagstæðari en eldri samningar.

Þá hefur Vegagerðin s. l. tvö sumur leigt mulningsvélasamstæðu á Austurlandi, en sú vél er í eigu sveitarfélaga þar. Á s. l. sumri var í fyrsta sinn harpað efni í slitlag vega á Vestfjörðum. Reyndist með því móti unnt að vinna nothæfa mól í slitlag á stöðum, þar sem áður var erfitt um slíkt efni.

Þegar á s. l. vori var ljóst, að vegna hækkana á kaupgjaldi og leigugjaldi vinnuvéla mundi kostnaður við vegaviðhald verða nokkru meiri en gert var ráð fyrir í vegáætlun. Raunin varð sú, að vísitala vegaviðhaldskostnaðar hinn 1. ágúst reyndist 14% hærri en gert hafði verið ráð fyrir, þegar vegáætlun var undirbúin í febrúar 1969. Þótti ekki gerlegt að draga úr nauðsynlegu sumarviðhaldi vega sem þessari hækkun vísitölunnar nam. Var reynt að halda í horfinu um þetta efni, og hefur heildarkostnaður vegaviðhaldsins á árinu orðið um 22 m.kr. umfram fjárveitingu eða um 219 m.kr. Hefur heildarkostnaður við vegaviðhaldið því farið um 11% fram úr áætlun eða nokkru minna en verðhækkunum nemur, en þær voru 14%, eins og að framan greinir.

2.2.2. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Þeirri upphæð var varið til að setja upp ný umferðarmerki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 og til viðhalds eldri merkjum.

Við umferðarbreytingu vegna H-umferðar 1968 var ráðizt í að endurskoða staðsetningu allra eldri umferðarmerkja á landinu og mun því ljúka á næsta ári.

Búið er að setja upp umferðarmerki við allar hraðbrautir, mestan hluta þjóðbrauta og um helming af landsbrautum. Á árinu 1970 var einkum unnið við að setja upp merki á Vestur- og Norðurlandi og undirbúið að setja upp merki á Norð-austurlandi og Suðurlandi á árinu 1971.

Af einstökum flokkum vega samkvæmt vegáætlun 1969—72 er nú lokið merk-ingum, eins og hér segir:

Af	325 km	af	akfærum	hraðbrautum	eru	merktir	325 km	eða	100%
—	2732	—	—	þjóðbrautum	—	—	2569	—	94%
—	5129	—	—	landsbrautum	—	—	2388	—	47%

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0 Lán til vegaf framkvæmda.

1. Föst lán til vegaf framkvæmda.

Með heimild í III. kafla vegáætlunar fyrir árið 1970 og lögum nr. 34/1970 um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1970 hefur ráðuneytið aflað fastra lána til framkvæmda í nokkrum þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar fyrir árið 1970.

Ofangreind lán tekin á árinu 1970, svo og föst lán vegasjóðs í árslok 1969 og 1970 skiptast þannig eftir vegaflokkum:

Tafla I.

	Eftirstöðvar pr. 31/12 '69	Ný lán tekin '70	Afborganir 1970	Eftirstöðvar pr. 31/12 '70
Hraðbrautir	407.1	160.6	20.6	547.1
Þjóðbrautir	125.9	5.1	7.3	123.7
Landsbrautir	44.3	6.7	0.8	50.2
Samtals	577.3	172.4	28.7	721.0

Af ofangreindum heildarlánnum vegasjóðs samkvæmt töflu I hefur ríkissjóður á árinu 1970 séð um greiðslur vaxta og afborgana af lánnum samkvæmt töflu II, en vegasjóður sér um greiðslur vaxta og afborgana af lánnum samkvæmt töflu III.

Tafla II.

Lán yfirtekin af ríkissjóði.

	Eftirstöðvar pr. 31/12 '69	Ný lán tekin '70	Afborganir 1970	Eftirstöðvar pr. 31/12 '70
Hraðbrautir	407.1	27.2	20.6	413.7
Þjóðbrautir	102.1		7.3	94.8
Landsbrautir	33.6		0.8	32.8
Samtals	542.8	27.2	28.7	541.3

Tafla III.

Lán greidd af vegasjóði.

	Eftirstöðvar pr. 31/12 '69	Ný lán tekin '70	Afborganir 1970	Eftirstöðvar pr. 31/12 '70
Hraðbr. (v/Alþj.b. '70)		133.4		133.4
Þjóðbrautir	23.8	5.1		28.9
Landsbrautir	10.7	6.7		17.4
Samtals	34.5	145.2		179.7

Lán til hraðbrauta samkvæmt töflu II er tekið vegna Reykjanesbrautar, eins og nánar er skýrt undir lið 2.3.1.1.

Ný lán til lagningar hraðbrauta samkvæmt töflu III að upphæð 133.4 m.kr. skiptast þannig, að 120 m.kr. er erlent lán til 15 ára, en 13.4 m.kr. er fyrsti hluti af láni, sem tekið var í október hjá Alþjóðabankanum til hraðbrautaf framkvæmda á

árunum 1970—1972. Lánið hjá Alþjóðabankanum er alls að upphæð 4.1 millj. dollara og er til 20 ára með 7¼% vöxtum og afborgana laust fyrstu fjögur árin. Af láni Alþjóðabankans munu 3.6 millj. dollara fara til lagningar hraðbrauta, en 0.5 millj. dollara til kaupa á vegavinnuvélum og þá sérstaklega vegna vegaviðhalds.

Ofangreindum lánnum til hraðbrautaframkvæmda að upphæð 133.4 m.kr. hefur verið varið á árinu 1970 til greiðslu kostnaðar við lagningu Vesturlandsveggar frá enda Miklubrautar í Kollafjörð og við lagningu Suðurlandsveggar frá Selási að Sel-fossi, en heildarkostnaður við þessar hraðbrautaframkvæmdir var á árinu 207.3 m.kr., en þar af var fjárveiting í vegáætlun 73.9 m.kr.

Lagningu ofangreindra kafla af Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi sem hraðbrauta verður í meginatriðum lokið í árslok 1972, og verður kostnaður við þær framkvæmdir greiddur með láni Alþjóðabankans og fjárveitingum í vegáætlun til ofangreindra hraðbrauta.

Um framkvæmdir í hraðbrautum vísast að öðru leyti til greinargerðar undir lið 2.3.1.

Lán til þjóðbrauta og landsbrauta á töflu III að upphæð 11.8 m.kr. voru tekin til þess að ljúka ráðgerðum vegaf framkvæmdum samkvæmt Vestfjarðaáætlun, og er gerð grein fyrir framkvæmdum í einstökum vegum undir liðum 2.3.2 og 2.3.3.

2. Bráðabirgðalán til vegaf framkvæmda.

Á árinu var fylgt sömu reglu og undanfarin ár, að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaf framkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár. Ein undantekning var þó gerð frá þessari reglu á árinu, og var það vegna Landveggar í Rangárvallasýslu, en vegi þessum var stórspillt vorið 1970 vegna óvæntrar og óvenjulegrar umferðar í sambandi við Heklugosið. Til greiðslu kostnaðar við nauðsynlegustu viðgerðir á veginum af þessum sökum var tekið 3 m.kr. bráðabirgðalán hjá Seðlabankanum, sem ráðgert er að endurgreiðist af væntanlegum fjárveitingum í vegáætlun á næstu tveimur árum, eins og víkið er að á fylgiskjali I með greinargerð að frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, sem samþykkt var á Alþingi í desember s. l.

Bráðabirgðalán til vegaf framkvæmda í árslok 1969 og 1970 voru, eins og hér segir:

	Árslok 1969 þús. kr.	Árslok 1970 þús. kr.
1. Hraðbrautir	19 713	12 256
2. Þjóðbrautir	2 246	2 752
3. Landsbrautir	3 131	9 694
4. Sýslu- og fjallvegir (brýr)	350	300
	<hr/>	
Alls	25 440	25 002

Bráðabirgðalán til þjóðbrauta eru í árslok 1969 talin 554 þús. kr. lægri en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969, sem stafar af því, að lánsheimildir voru ekki notaðar að fullu. (Þingeyjarsýslubraut ónotuð lánsh. 300 þús. kr., Norðurlandsvegur 170 þús. kr. og Kinnarvegur 84 þús. kr.).

Bráðabirgðalán til landsbrauta í árslok 1969 eru hér talin 774 þús. kr. lægri en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969, sem stafar af því, að lánsheimildir voru ekki notaðar (Vallanesvegur 340 þús. kr., Suðurdalsvegur 300 þús. kr., Fnjóskadalsvegur eystri 100 þús. kr. og Hvammavegur 134 þús. kr.).

Skipting bráðabirgðalána til einstakra vegaflokka er nánar tilgreind í greinargerð um framkvæmdir í einstökum vegum.

2.3.1. Til hraðbrauta.

1. Reykjanesbraut (A2):

a. Reykjanesbraut frá Engidal til Keflavíkur.

Engar framkvæmdir hafa verið við þennan veg á árinu, en gjöld og fjáröflun voru áætluð og hafa í raun orðið, eins og hér segir:

Gjöld:	Áætlun m.kr.	Rauntölur m.kr.
1. Greiðslur vaxta og afborgana	53.0	54.8
2. Lántökukostnaður	0.8	0.7
	<hr/>	<hr/>
	Alls 53.8	55.5
 Fjáröflun:		
1. Fjárveiting í vegáætlun	6.8	6.8
2. Framlag varnarliðsins	0.7	0.7
3. Tekjur af umferðargjaldi (nettó)	16.5	14.7
4. Lán skv. framkvæmdaáætlun	29.8	23.8
5. Innstæða frá 1969		4.9
6. Gjöld umfram fjáröflun		4.6
	<hr/>	<hr/>
	Alls 53.8	55.5

Greiðslur vaxta og afborgana af lánun hafa orðið 1.8 m.kr. hærrí en áætlað var.

Greiðslur fyrir efnistöku og landsþjóll urðu engar á árinu, þar sem mats-nefndir, sem um það fjölluðu, luku eigi störfum á árinu.

Föst lán á veginum námu í árslok 1970 395.9 m.kr.

Umferð um gjaldstöðina hjá Straumi jókst um 8.5% á árinu miðað við fyrra ár, og urðu brúttótekjur 17.3 m.kr., en nettótekjur 14.7 m.kr. eða nokkru minni en áætlað var. Með innheimtukostnaði umferðargjaldsins er talinn styrkur til rekstrar skólabifreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi, og nam sá kostnaður á s. l. ári 240 þús. kr.

b. Reykjanesbraut í Breiðholti.

Engin fjárveiting var til þessa vegar, en í framkvæmdaáætlun ríkis-stjórnarinnar voru veittar 3.4 m.kr. til greiðslu vaxta og afborgana af lánun. Eftirstöðvar lána voru í árslok 1970 14.3 m.kr.

2. Vesturlandsvegur (B1):

1. Miklabraut—Rofabær (áfangi 1A):

Fjárveiting var 38.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári, 8.3 m.kr. Lokið var við byggingu brúar á aðalfarveg Elliðaár, sem hafin var 1969. Brúin er forspennt bitabru í tveimur höfum, og er lengd brúargólfs alls 63 m. Í vestri farvegi árinna var byggð renna. Þá var byggð vegbrú yfir Reykjanesbraut—Elliðavog. Er þar um að ræða forspennta plötubru í fjórum höfum og lengd alls 57 m. Undirbygging vegarins hófst haustið 1969 og var lokið í ágúst, og slitlag var lagt í ágúst og september, en það er um 400 m malbik og 600 m steinsteypa. Vegarkafllinn var opnaður fyrir umferð 3. nóvember, en ýmsum verkþáttum er þó ólokið enn, t. d. vantar lýsingu og ekki tókst að mála akreinalínur vegna árstíðar, og lokafrágangur kanta og fláa, sléttun og sáning verður að bíða næsta sumars. Vegurinn er 14 m breiður með 4 akreinum.

Kostnaður 1970 varð um 60 m.kr. Af áföllnum heildarkostnaði alls verks-ins (um 75 m.kr.) greiðir Reykjavíkurborg helming kostnaðar við vegbrú og hluta í kostnaði brúar og rennu á Elliðaár, alls um 18 m.kr.

2. Rofabær—Höfðabakki (áfangi 1B):
Fjárveiting var 11.0 m.kr. og gekk til greiðslu afborgana og vaxta af láni, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969.
- 3a. Höfðabakki—Korpa (áfangi 2):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántöku til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var áfangi þessi boðinn út og samningur gerður við lægstbjóðanda, Aðalbraut sf. Upphæð samnings var 58.5 m.kr. Til viðbótar samningsupphæð kemur kostnaður við eftirlit, kaup á landi undir veginn, færslu girðinga, færslu og tryggingu á vatnsleiðslum, síma- og rafmagnslium og kaup á húsum, sem fjarlægja þurfti. Þessi viðbótarkostnaður var í árslok orðinn 5 m.kr. Vegarkafli þennan á að taka í notkun í lok október 1971, og honum á að vera að fullu lokið í lok júní 1972.
- 3b. Korpa—Þingvallavegur (áfangi 3) og Þingvallavegur—Mógilsá (áfangi 4):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) voru áfangar þessir boðnir út 22. des. s. l. og framkvæmdir munu hefjast í apríl—maí 1971. Vegarkafli þessa á að taka í notkun í lok október 1972.
4. Um Skeiðhól:
Fjárveiting var 2.6 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.1 km kafli, og er þá lokið gerð alls kafans um Skeiðhól, einnig þeim hluta, sem framkvæma átti 1971 (og þá með 0.9 m.kr. fjárveitingu). Vegstæðið reyndist mjög erfitt, einkum vegna mikils rennslis grunnvatns á klapparyfirborði, enda varð kostnaður 4.5 m.kr.
8. Til rannsókna á Hvalfirði og Borgarfirði skv. þingsályktunartillögu:
Vegna starfa Hvalfjarðarnefndar var haldið áfram veðurathugunum og umferðartalningum og hafin úrvinnsla úr þeim og fleiri gögnum. Einnig voru gerðar frumathuganir á botnaðstæðum í Laxárvogi, Brynjudalsárvogi og Botnsárvogi með tilliti til að leggja veg yfir vogana á leirum.
Norska vegamálastjórnin hefur heitið tæknilegri aðstoð í sambandi við áætlanagerð um ferjur og rekstur þeirra.
Í Borgarfirði voru framkvæmdar mælingar umhverfis fjarðarbotninn og upp með aðalánum, sem til hans falla, í því skyni að fá fram, hver áhrif breytingar á vatnsborði í fjarðarbotni hefðu í ánum. Fjórðurinn var dýptarmældur milli Seleyrar og Borgarness. Þá voru einnig framkvæmdar umferðartalningar með tilliti til sambands yfir Borgarfjörð.
Þá er í athugun að koma upp siritandi vatnshæðarmælum á nokkrum stöðum í Borgarfirði og gera „seismiskar“ mælingar á botni fjarðarins í fyrirhugaðri brúarlínu jafnhliða könnun á burðarþoli botnsins.
5. Suðurlandsvegur.
1. Vextir og afborganir lána:
Fjárveiting var 0.8 m.kr. og fór til greiðslu á vöxtum og afborgunum lána, sem tekin voru vegna undirbyggingar vegarins austan Sandskeiðs haustið 1966.
- 2a. Rauðavatn—Lækjarbotnar (áfangi 1):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var áfangi þessi boðinn út 22. des. s. l. og framkvæmdir munu væntanlega hefjast í apríl—maí 1971. Vegarkafli þennan á að taka í notkun í lok október 1972.
- 2b. Lækjarbotnar—Svínahraun (áfangi 2):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var lokið við undirbyggingu þessa kafa og samið

við Olíumöl hf. um að leggja á hann olíumöl. Lögð var olíumöl á 4.2 km, en vegna tíðarfars tókst ekki að leggja á 3.2 km, og verður það gert strax og tíðarfar leyfir. Var því lagt malarslitlag á þessa 3.2 km og kaflinn opnaður fyrir umferð. Í sambandi við gerð hins nýja vegar þurfti að breyta vatnsfarvegum á kaflanum frá Sandskeiði að Lækjarbotnum. Voru í þessu skyni gerðir varnargarðar og nýir farvegir á nokkrum stöðum. Þá var byggð 12 m löng brú á Fóelluvötn á Sandskeiði. Auk olíumalar er ýmsum frágangi við kanta og fláa ólokið, og eftir er að slétta og sá í svæði meðfram veginum. Kostnaður á árinu varð 72 m.kr., og er þar meðtalinn kostnaður við kaflann Svinahraun—Reykjarfell (sjá hér á eftir).

3a. Svinahraun—Reykjarfell (áfangar 3 og 4):

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) voru áfangar þessir boðnir út 22. des. s. l., og framvikkuð beygja við vegamót Þrengslavegar. Á allan kaflann var lögð olíumöl samkv. samningi við Olíumöl hf. og hann síðan opnaður til umferðar. Eftir er ýmis frágangur kanta og fláa og svæða meðfram vegi. Kostnaður er innifalinn í kostnaði við kaflann Lækjarbotnar—Svinahraun (sjá hér á undan).

3b. Reykjarfell—Hellisheiði (áfangi 5) og Hellisheiði—Hveragerði (áfangi 6):

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) voru áfangar þessir boðnir út 22. des. s. l., og framkvæmdir munu væntanlega hefjast í apríl—maí 1971. Vegarkafli þessa á að taka í notkun í lok október 1972.

4. Hveragerði—Bakkarholtsá (áfangi 7):

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var áfangi þessi boðinn út og samningur gerður við lægstbjóðanda, Þórisós sf. Upphæð samnings var 57.6 m.kr. Til viðbótar samningsupphæð kemur kostnaður við eftirlit, kaup á landi undir veginn, færslu girðinga, færslu og tryggingu á vatnsleiðslum, síma- og rafmagnslinum o. fl. Þessi viðbótarkostnaður var í árslok orðinn 2.7 m.kr.

Þá hluta þessa áfanga, sem liggja á djúpum mýrum, á að taka í notkun með malarslitlagi um mitt sumar 1971, en allan kaflann á að taka í notkun með föstu slitlagi í lok október 1972.

5. Bakkarholtsá—Selfoss (áfangi 8):

Fjárveiting var 20.9 m.kr., og af henni fóru 2.9 m.kr. til greiðslu skuldar frá fyrra ári. Lokið var við undirbyggingu vegarins, sem hafin var haustið 1969, og lagt á hann malarslitlag og hann opnaður fyrir umferð. Þar sem nær allur kaflinn liggur á djúpri mýri, hefur hann sigið nokkuð, eins og búizt hafði verið við, og fyrsta afrétting fór fram í desember og janúar s. l. Loka-afrétting og lögn slitlags er innifalinn í samningi um áfanga 7 (sjá hér á undan) og á að fara fram síðla sumars 1972 og vera lokið í lok október 1972. Kostnaður við framkvæmdir 1970 varð 17.4 m.kr.

6. Verkfræðilegur undirbúningur:

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Haldið hefur verið áfram undirbúningi hraðbrautaframkvæmda og honum hraðað sérstaklega vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hraðbrautaframkvæmdir (sjá 2.3.0). Þetta var gert á árinu:

1. Vesturlandsvegur:

Verkfræðideild Almenna byggingarfélagssins hf. fullgerði lokaáætlun um kaflann frá Höfðabakka að Korpu (áfanga 2), sem hafin var 1969, og var verkið boðið út í lok maí.

Vegagerð ríkisins fullgerði lokaáætlun um kaflana frá Korpu að Mógilsá (áfanga 3 og 4), og voru verkin boðin út í desember. Verkfræðifyrirtækið Forverk hf. lauk við gerð loftmyndakorta fyrir þessa áfanga snemma á árinu.

Gerð voru loftmyndakort (af Forverki hf.) af Kjalarnesi og Kjós upp fyrir Eyri, og nýhafin er gerð frumáætlunar fyrir veginn á þessu svæði.

Til undirbúnings áframhaldandi kortagerðar vegna hraðbrauta voru gerðar mjög umfangsmiklar þríhyrningamælingar á svæðinu frá Kjalarnesi og upp fyrir Borgarnes. Mælingar þessar voru gerðar í samvinnu við verkfræðifyrirtækin Forverk hf. og Hnit sf.

Vegna framkvæmda þeirra, sem hafnar eru (áfangi 2) og hefjast munu í apríl—maí n. k. (áfangar 3 og 4), voru settir niður, mældir og reiknaðir fastpunktar með stuttu millibili til staðsetningar vegarins. Verk þetta var unnið af Hnit sf.

Haldið var áfram jarðvegskönnun vegna frumáætlana á svæðinu frá Eyri í Kjós fyrir Hvalfjörð og út fyrir Ferstiklu.

2. Suðurlandsvegur:

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sf. gerði lokaáætlun um kaflann frá Rauðavatni að Lækjarbotnum (áfanga 1), og var verkið boðið út í desember. Fullgerð var lokaáætlun um kaflana frá Lækjarbotnum að Reykjafelli (áfanga 2, 3 og 4), og var verkið unnið að mestu s. l. sumar (sjá 2.3.1.5.2 og 3). Gerð var lokaáætlun um kaflana yfir Hellisheiði (áfanga 5 og 6) og verkið boðið út í desember. Lokið var gerð lokaáætlana um kaflann Hveragerði—Bakkarholtsá (áfangi 7) og verkið boðið út í maí s. l., og einnig um kaflann Bakkarholtsá—Selfoss (áfangi 8), og var undirbyggingu lokið á árinu.

Á sama hátt og fyrir Vesturlandsveg voru settir upp fastpunktar með öllum veginum frá Rauðavatni að Selfossi og þeir mældir og reiknaðir af Hnit sf.

3. Hraðbrautir um Akureyri:

Lokið var nauðsynlegum mælingum og loftmyndatöku og hafin er gerð korta af Forverki hf. vegna hraðbrauta um Akureyri, og verða þau væntanlega tilbúin fyrri hluta árs 1971. Í fyrsta áfanga er ætlunin að kortleggja svæðið frá vegamótum Ólafsfjarðarvegur á Moldhaugnahálsi inn fyrir Akureyri, fjarðarbotninn og út með firðinum að austan upp á Vaðlaheiði.

Þá var hinn 29. sept. skipuð 5 manna nefnd, og er verkefni hennar að gera tillögur um staðsetningu þjóðvegur frá Akureyri að Fnjóskárbrú um Vaðlaheiði með hliðsjón af þörfum Akureyrarflugvallar og skipulagi Akureyrarkaupstaðar. Er áætlað, að nefnd þessi geti lokið störfum undir lok þessa árs.

Kostnaður við verkfræðilegan undirbúning varð um 13 m.kr. á árinu.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

(Töluliðir samkv. vegáætlun 1969—1972.)

1. Grindavíkurvegur (A 5):

2. Ofan Grindavíkur:

Fjárveiting var 560 þús. kr. Haldið var áfram endurbyggingu vegarins, og stóðu framkvæmdir yfir um áramótin, og var ákveðið að vinna í veginum áfram fyrir fjárveitingu ársins 1971 og ljúka við 1.9 km langan kafla frá Grindavík að Þorbirni.

2. Garðskagavegur (A 7):

1. Keflavík—Garður:

Fjárveiting var 530 þús. kr. Lánsheimild fyrir 400 þús. kr. bráðabirgðaláni út á vegáætlun 1971 var fyrir hendi, en framkvæmdum frestað í samráði við hreppnefnd til 1971.

3. Vesturlandsvegur (B 1):

1. Um Hraunsnef:

Fjárveiting var 480 þús. kr. Í samráði við þingmenn kjördæmisins var fjárveiting notuð við Biskupsbeygju á Holtavörðuheidi á Norðurlandsvegi (sjá 12.2).

2. Um Austurá:

Fjárveiting var 640 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.7 km langur kafli um nýja brú á Austurá. Frágangi er þó ekki lokið.

4. Um Haukadalsá:

Fjárveiting var 1.8 m.kr. Fullgerður var 0.9 km langur kafli um Þorbergsstaði, og gert fært að brúarstæði á Haukadalsá.

5. Um Laxá:

Fjárveiting var engin. Geymt var frá fyrra ári 282 þús. kr. Lokið var frágangi á 0.5 km löngum kafla um Laxá.

12. Í Þorskafirði, Kinnarstaðir—Kollabúðir:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Undirbyggður var að mestu 1.6 km langur kafli frá Kinnarstöðum inn í Þorskafjörð.

4. Stykkishólmsvegur (B 26):

5. Um Nesvog:

Fjárveiting var 2.8 m.kr. Fullgerður var 1.2 km langur kafli um Nesvog.

7. Vestfjarðavegur (C 1):

1. Sunnan Þingmannaheiðar:

Fjárveiting var 600 þús. kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 2.2 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári voru 1 409 þús. kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 720 þús. kr.

Lokið var undirbyggingu á veginum í Kjálkafirði og milli Auðshaugs og Fossár. Lokið var við yfirbyggingu vegarins frá Litlanesi að Fossá. Vegurinn var tekinn í notkun á miðju sumri, en eftir er að tvískipta blindhæðum.

Föst lán í árslok 1970 voru 11 877 þús. kr.

2. Gemlufallsheiði:

Fjárveiting var 650 þús. kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 1.5 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári voru 817 þús. kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 775 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km langur kafli og yfirbyggður 5.5 km. Lokið var frágangi á öllum kaflanum, og er því vegur um Gemlufallsheiði fullgerður að undantekinni sáningu meðfram veginum.

Föst lán í árslok 1970 voru 11 830 þús. kr.

3. Breiðadalsheiði:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 1.4 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári voru 3 824 þús. kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 300 þús. kr.

Fullgerður var 1.5 km langur kafli og undirbyggður að auki 1.0 km kafli. Eftir er því yfirbygging á 1.0 km löngum kafla.
Föst lán í árslok 1970 voru 5 206 þús. kr.

8. Barðastrandarvegur (C 7):

1. Kleifaheiði:

Fjárveiting var 1.62 m.kr. Nýtt bráðabirgðalán, 500 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1971. Greitt var 300 þús. kr. bráðabirgðalán frá 1969.

Lokið var framkvæmdum á 2.1 km löngum kafla vestast á heiðinni.

9. Strandavegur (C 28):

2. Kjörseyri—Laxá—Hlaðhamar:

Fjárveiting var 1.75 m.kr. Fullgerður var 2.3 km langur kafli um nýja brú á Laxá.

11. Siglufjarðarvegur (D 33):

1. Norðan Sauðárkróksflugvallar:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Greitt var 500 þús. kr. bráðabirgðalán frá 1969.

2. Um Vatn:

Fjárveiting var 900 þús. kr. Lokið var við 1.3 km langan kafla hjá Vatni á Höfðaströnd.

12. Norðurlandsvegur (E 1):

2. Biskupsbeygja á Holtavörðuheiði:

Fjárveiting var engin, en í samráði við þingmenn kjördæmisins var fjárveiting í Vesturlandsveg um Hraunsnef (sjá 3.1) notuð til að ljúka yfirbyggingu á 0.6 km löngum kafla í Biskupsbeygju.

3. Hæðarsteinsbrekka:

Fjárveiting var engin, en geymt fé frá fyrra ári var 629 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.6 km langur kafli, en eftir er að ganga frá honum.

4. Um Síká:

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Fullgerður var 1.6 km langur kafli við nýja brú yfir Síká (sjá nánar 2.5.1. Brú á Síká).

6. Um Laxá á Ásum:

Fjárveiting var 1.16 m.kr. Fullgerður var 4.0 km langur kafli við nýja brú yfir Laxá (sjá nánar 2.5.1. Brú á Laxá).

7. Um Langadal:

Fjárveiting var 1.01 m.kr. Fullgerður var 1.0 km langur kafli og undirbyggður 0.5 km langur kafli austan Blönduóss.

9. Við Löngumýri:

Fjárveiting var 530 þús. kr. Endurnýjað var ræsi í veginum gegnt Löngumýri.

10. Um Djúpadalsá:

Fjárveiting var 1.85 m.kr. Lokið var að mestu við 2.3 km langan kafla beggja vegna nýju brúarinnar á Djúpadalsá.

12. Á Öxnadalsheiði:

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Lokið var við að undirbyggja 3.4 km langan kafla hjá Sessliubúð á Öxnadalsheiði.

15. **Kárhóll—Reykjadalsá:**
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lánsheimild fyrir 900 þús. kr. bráðabirgðaláni var ekki notuð. Greitt var bráðabirgðalán frá 1969 og byggð 4.0 km löng undirbygging, sem nýtist sem vetrarvegur, þar til lokið verður við þennan kafla.
16. **Norðan Mývatns:**
Fjárveiting var 500 þús. kr. Endurnýjað var ræsi hjá Geirastöðum og vegur lagfærður.
14. **Kinnarvegur (E 21):**
2. **Um Ófeigsstaði:**
Fjárveiting var engin, en 300 þús. kr. bráðabirgðalán var tekið út á vegáætlun 1971. Lokið var við 0.5 km langan kafla við Vegamót hjá Ófeigsstöðum.
3. **Um Húsabakka:**
Fjárveiting 1.61 m.kr. Greitt var 1.0 m.kr. bráðabirgðalán frá 1969 Annað bráðabirgðalán, að upphæð 400 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1971. Lokið var við 1.8 km langan kafla austan Skjálfandafljótsbrúar.
15. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**
1. **Norðan Vestmannsvatns.**
Fjárveiting var engin. Tekið var 800 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1972. Lokið var við 1.0 km langan kafla hjá Hólkoti.
2. **Í Aðaldalshrauni:**
Fjárveiting var 490 þús. kr. Lokið var að fullu við 2.5 km langan kafla vestan Laxárbrúar gegnt Laxamýri.
9. **Kópasker—Klifshagi:**
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fullgerður var 2.2 km langur kafli norðan Þverár og undirbyggður 1.8 km langur kafli sunnan Þverár.
13. **Um Svalbarð:**
Fjárveiting var 400 þús. kr. Lokið var að mestu við 0.9 km langan kafla austan Svalbarðs.
14. **Um Ytri-Brekkur:**
Fjárveiting var engin, en geymt fé frá fyrra ári var 461 þús. kr. Lokið var að fullu við 2.3 km langan kafla.
16. **Austurlandsvegur (F 1):**
1. **Á Jökuldalsheiði:**
Fjárveiting var 3.4 m.kr. Fullgerður var að mestu 6.0 km kafli milli Víðidalsár og Gilsár á Jökuldal.
4. **Í Skriðdal:**
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Undirbyggður var 2.9 km langur kafli milli Eyrarteigsár og Jóku.
6. **Ós—Starmýri:**
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Fullgerður var 1.2 km langur kafli utan við Ós í Breiðdal og 2.5 km langur kafli um Kelduskóga á Berufjarðarströnd. Framkvæmdum var ekki lokið að fullu.
7. **Í Lóni:**
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við 1.3 km langan kafla við Svinhóla.

17. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):

1. Í Bakkafirði:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við 2.0 km langan kafla norðan Miðfjarðarár.

2. Í Vopnafirði:

Fjárveiting var 441 þús. kr. Yfirbyggður var 1.0 km langur kafli utan við Krossavík, sem var undirbyggður 1968.

3. Á Hellisheiði:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Yfirbyggður var 1.0 km langur kafli norðan megin á Hellisheiði, sem undirbyggður var 1968. Einnig var undirbyggður 0.4 km langur kafli neðan Hellisár.

18. Norðfjarðarvegur (F 26):

1. Egilsstaðir—Eskifjörður:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Undirbyggður var að mestu 1.5 km langur kafli í Græfum.

2. Um Oddsskarð:

Fjárveiting var 1.4 m.kr. Á árinu 1969 var byrjað á jarðfræðirannsókn-um vegna jarðganga og var þeim haldið áfram. M. a. voru boraðar 3 holur í hugsanlegu jarðgangastæði. Auk þess var lokið við 0.6 km langan kafla neðan Ormsstaða.

20. Suðurlandsvegur (G 1):

4. Affall—Vorsabær:

